

Fundargerð

10. stjórnarfundur FHA haldinn 24. febr. 2010 kl. 13:15

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Arnheiður Eypórsdóttir (AE), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Kristín Guðmundsdóttir (KG) og Páll Björnsson. Kjartan Ólafsson og Finnur Friðriksson mættu ekki. Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Beiðni um styrk vegna árshátíðar starfsfólks HA
Samþykkt var að veita styrk að upphæð kr. 100.000 og benda skipuleggjendum á að leita til annarra starfsmannafélaga starfsmanna við HA eftir sambærilegum stuðningi. Jafnframt var ákveðið að taka styrkbeiðnir vegna skemmtanahalds við HA upp á aðalfundi.
2. Beiðni um fjárstyrk
Stjórn FHA hafði borist beiðni um fjárstyrk vegna námskeiðs sem viðkomandi tók þátt í árið 2008. Erindinu hafði verið frestað þar til frekari upplýsingar lægju fyrir. Ákveðið var að hafna erindinu enda hafði viðkomandi fullnýtt fjárstyrk árið 2008 auk þess sem liðið er meira en ár síðan þetta átti sér stað.
3. Almennur félagsfundur
Fyrir liggur að halda almennan félagsfund þar sem rektor kynnir sameiginlegar matsreglur og ferli. Stefnt er að því að halda þennan fund í annarri viku í mars (viku 10 á dagatali).
4. Önnur mál
 - a. Rætt um lagatillögur og hvenær beri að kynna þær svo hægt verði að bera þær undir aðalfund. Jafnframt var rætt um að gera reglur um styrktarsjóðinn skýrari.
 - b. Ákveðið var að ræða fjármál félagsins á stjórnarfundum í mars og fá þar inn aðila sem sér um sjóði þess. Stefnt er að næsta fundi í þriðju vikunni í mars (viku 11 á dagatali)
 - c. Hjördís var falið að skoða nefnd um rannsóknaleyfi, hverjir eru í henni og skipunartími hennar.
 - d. Hjördís var falið að kanna meðal félagsmanna hversu margir eru í doktorsnámi og hver er staðan hjá þeim.
 - e. Rætt um matsöluna á Sólborg en kvartað hefur verið undan háu verði og opnunartímanum. Hjördís falið að hafa samband við Óla Búa varðandi samning um mótuneytið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15